

Upphaf kennaramenntunar í uppeldismiðuðum handmenntum á Íslandi 1892–1939

Greinin fjallar um rannsókn á upphafi og þróun kennaramenntunar á Íslandi í uppeldismiðuðum handmenntum, frá árinu 1892 til ársins 1939. Uppeldismiðaðar handmenntir (slöjd) á Íslandi voru í upphafi byggðar á hugmyndafræði slöjds á Norðurlöndunum. Slöjd er uppeldiskerfi sem nýtir handverk sem tæki til að efla þroska barna í gegnum skólastarf. Rannsókn höfunda sýnir að uppeldismiðaðar handmenntir voru hvati að upphafi kennaramenntunar á Íslandi. Flestir upphafsmenn stefnunnar hér á landi sóttu sér menntun til Norðurlandanna og studdust við kennsluaðferðir frumkvöðla slöjdsins í Danmörku og Svíþjóð. Seinna fór að gæta áhrifa frá heimilisiðnaðarhreyfingunni sem, ólíkt slöjdhreyfingunni, lagði áherslu á að viðhalda íslenskum handmenntahefðum með þjóðlegri handavinnu og koma á fót iðnaði á íslenskum heimilum. Menntunarbakgrunnur og hugsjónir þeirra kennara er komu að kennaramenntun í uppeldismiðuðum handmenntum í upphafi hennar lituðu innihald kennslunnar og áherslur.

Efnisorð: Uppeldismiðaðar handmenntir, slöjd, kennaramenntun, handverk, heimilisiðnaður

INNGANGUR

Viðfangsefni þessarar greinar er að segja frá upphafi kennaramenntunar í uppeldismiðuðum handmenntum á Íslandi fram til ársins 1939. Hugtakið *uppeldismiðaðar handmenntir*, sem notað er í greininni, er þýðing höfunda á skandinavíska hugtakinu *slöjd*¹. Á Íslandi hafa hugtökin *skólaiðnaður*, *uppeldisiðnaður* og *skólasmíði* einnig verið notuð (Guðmundur Finnbogason, 1994; Jón Þórarinsson, 1891; Smíðareglur við skólasmíði, 1908). Slöjd er uppeldiskerfi sem nýtir handverk sem tæki til að efla þroska barna í gegnum skólastarf. Nemandinn lærir mismunandi handverksaðferðir, svo sem trésmíði, málmsmíði, saumaskap, prjón og hekl, og nýtir þær til að búa til gagnlega hluti

(Borg, 2006; Salomon, 1893). Í slöjdstefnunni var lögð áhersla á að mynda jafnvægi milli líkamlegra og andlegra þátta (Thane, 1914), með heildstæða þróun barnsins að leiðarljósi, til að þróa hinn fullkomna borgara (Moreno Herrera, 1998).

Uppeldismiðaðar handmenntir voru undanfari námsgreinanna *hönnun og smíði og textílmennt*. Í námskrám hafa handmenntagreinarnar gengið undir ýmsum nöfnum með mismunandi áherslum (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson, 2011). Vitneskja um sögulegan bakgrunn og þróun þessara námsgreina hlýtur að auka faglegt innsæi skólafólks og hjálpa því að setja þær í samhengi við samfélagslega þróun, móta afstöðu sína til innihalds þeirra og þróa þær frekar.

Í greininni er leitast við að svara eftirtöldum spurningum: Hvernig hófst kennaramenntun í uppeldismiðuðum handmenntum á Íslandi? Hverjir voru frumkvöðlar kennslunnar? Hverjar voru megináherslur þessarar kennslu? Hvernig fór þessi kennsla fram?

BAKGRUNNUR

Um miðja 19. öld voru engir barnaskólar á Íslandi, þó að landið væri undir yfirstjórn danskra stjórnvalda, en árið 1814 var þar samþykkt löggjöf sem kvað á um skólaskyldu barna sem ekki hlutu fræðslu heima (Loftur Guttormsson, 2008). Mótun menntakerfa og stofnsetning alþýðuskóla var vel á veg komin víðast hvar í hinum vestræna heimi á þessum tíma. Sú þróun var svar við breyttum þjóðfélagsháttum og þörf fyrir nýjar menntunaráherslur.

Alþýðumenntun var oft til umræðu hérlendis á síðari hluta 19. aldar, bæði úti í þjóðfélaginu og á Alþingi. Ýmsir málsmetandi höfundar bentu á þörfina í blaðagreinum og á Alþingi komu fram frumvörp til laga um alþýðumenntun, sem stefndu að því að auka menntunarstig alþýðunnar, en fá þeirra náðu fram að ganga. Var meðal annars ágreiningur um það hvort heimili ættu að sjá um fræðsluna og hver ætti að greiða fyrir hana (Loftur Guttormsson, 2008). Árið 1880 var lagt fram frumvarp á Alþingi um „uppfræðing barna í skrift og reikningi“, sem varð að lögum ári síðar (Lög um uppfræðing barna í skript og reikningi nr. 2/1880). Forráðamenn barna áttu að taka ábyrgð á uppfræðslu þeirra en áttu þó fullt í fangi með að framfylgja lögnum (Freysteinn Gunnarsson, 1958).

Eftir stofnun fyrsta barnaskólans á Íslandi árið 1852 fjölgaði barnaskólum samfara vexti þéttbýlis (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 1984). Það var þó ekki fyrr en árið 1907 að fyrstu fræðslulögin voru samþykkt á Alþingi, en þau mörkuðu tímamót í almenningsfræðslu á Íslandi. Handmenntir voru aðeins kenndar í örfáum skólum í Reykjavík um aldamótin 1900, á Skipaskaga og í Garðaskóla (Guðmundur Finnbogason, 1905; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 1984).

Uppeldismiðaðar handmenntir

Hægt er að rekja hugmyndafræðilegan bakgrunn uppeldismiðaðra handmennta til uppeldisfræðinga og heimspekinga í Evrópu á 18. og 19. öld sem fjölluðu um gildi

verklegrar menntunar, svo sem Comenius, Locke, Pestalozzi, Rousseau, Fröbel, Francke og Basedow. Allir töldu þeir verklega vinnu þroskandi og nauðsynlegan þátt í uppeldi og menntun barna (Bennett, 1937; Jón Þórarinnsson, 1891; Salomon, 1902)².

Formleg kennsla í uppeldismiðuðum handmenntum hófst í Finnlandi um 1870, að frumkvæði Finnans Unos Cygnæus. Það var þó ekki fyrr en Svíinn Otto Salomon þróaði kennsluferfi í uppeldismiðuðum handmenntum að þær náðu útbreiðslu sem þáttur í alþýðumenntun víða um heim (Thorbjörnsson, 1994). Eftir að hafa kennt sveitabörnum verklegar iðnir í nokkur ár óx áhugi Salomons á uppeldisfræði og stofnaði hann kennaraskóla fyrir verðandi handmenntakennara í Nääs í Svíþjóð árið 1875 (Gísli Þorsteinsson og Brynjar Ólafsson, 2012). Meginmarkmið kennslunnar var að stuðla að alhliða þroska nemenda og þroska eigindir hins góða borgara (Hartman, Thorbjörnsson og Trotzig, 1995).

Segja má að uppeldismiðaðar handmenntir sameini uppeldisvísindi og handverksþekkingu, en meginmarkmiðin eru þó uppeldisleg. Kennarinn átti að útfæra kennsluna á eigin forsendum, en varð þó að byggja hana á eftirgreindum grunnþáttum:

- kenna nemandanum að hugsa um verklega vinnu og læra að meta hana að verðleikum
- þroska sjálfstæði nemandans
- þjálfá heiðarleika, reglusemi, nákvæmni og snyrtimennsku
- þroska einbeitingu
- þjálfá dugnað og þrautseigju
- þjálfá líkamann
- þjálfá augað og þróa formskynið
- auka almenna færni og kunnáttu.

(Thorbjörnsson, 1992, bls. 16, íslensk þýðing greinarhöfunda)

Upphaf kennaramenntunar í uppeldismiðuðum handmenntum á Norðurlöndum

Cygnæus er oft kallaður faðir finnska alþýðuskólans. Sem ungur prestur kenndi hann í barnaskóla samhliða prestsstörfum og fékk áhuga á uppeldisfræði. Cygnæus var um tíma umsjónarmaður í finnskum kirkjuskóla í St. Pétursborg þar sem hann hóf, árið 1846, að kenna handmenntir undir áhrifum af kenningum uppeldisfræðinganna Pestalozzis og Fröbels. Árið 1855 var Cygnæus veittur styrkur til að kynna sér alþýðumenntun í öðrum löndum með það að markmiði að byggja upp finnska skólakerfið (Kantola, Nikkanen, Kari og Kananaja, 1999).

Eitt af meginmarkmiðum Cygnæusar var að koma á kennslu í uppeldismiðuðum handmenntum í Finnlandi. Cygnæus var sannfærður um að verkleg vinna væri mikilvæg fyrir þroska barna. Hann vildi þó ekki að skólarnir yrðu verknámsskólar heldur að handmenntakennsla yrði notuð í þágu alþýðumenntunar. Þess vegna lagði hann áherslu á jafnvægi milli bóklegs og verklegs náms og urðu uppeldismiðaðar handmenntir að skyldunámsgrein í finnskum alþýðuskólum, í fyrsta sinn í heiminum.

Cygnæus varð einnig upphafsmaður kennaramenntunar í Finnlandi þegar hann

stofnaði kennaradeild við Háskólann í Jyväskylä árið 1863. Hann skipulagði námskeið fyrir þá sem vildu verða kennarar samhliða sumarnámskeiðum fyrir starfandi kennara (Kananoja, 1991). Cygnæus lagði ríka áherslu á að handmenntakennarar væru menntaðir í uppeldisfræði og hefðu þekkingu og skilning á uppeldislegum gildum kennslunnar (Cygnæus, 1910). Ekki voru allir sannfærðir um að innleiða ætti uppeldismiðaðar handmenntir í menntun kennara, en þar sem hann stjórnaði einu kennaramenntunarstofnun landsins náðu hugmyndir hans fram að ganga (Kananoja, 1991).

Kennaraskólinn í Nääs

Otto Salomon var einn af frumkvöðlum slöjdsins. Árið 1872 hóf hann að kenna sveitabörnum í Nääs í suðurhluta Svíþjóðar fjölbreytt handverk í hagnýtum tilgangi. Síðar, þegar hann var fenginn til að hafa umsjón með verknámi í skólum í héraðinu, skynjaði hann þörf fyrir menntun kennara á þessu sviði. Það var þó ekki fyrr en hann heimsótti Cygnæus í Finnlandi árið 1877 að hann byrjaði að leggja áherslu á almennt uppeldislegt gildi verklegs náms. Salomon leit á Cygnæus sem frumkvöðul þess að gera greinarmun á verknámi og uppeldismiðuðum handmenntum. Salomon þróaði hugmyndir Cygnæusar með því að búa til kennslukerfi er byggðist á röð trélikana og sérstökum kennsluáðferðum. Salomon samdi sínar eigin kennslubækur sem lýstu kennslukerfi hans. Byggði hann það á röð fyrirfram ákveðinna verkefna, frá hinu einfalda til hins flókna, sem áttu að þjálfa mismunandi verkþætti.


Orðspor kennaraskóla Salomons í Nääs breiddist hratt út og sóttu til hans nemendur frá ýmsum löndum (Gísli Þorsteinsson og Brynjar Ólafsson, 2012). Frá 1882 var skólinn helgaður kennaramenntun í uppeldismiðuðum handmenntum og leikfimi en síðar hófust námskeið í teikningu, textílfmennt og fleiri verklegum þáttum (Thorbjörnsson, 1992). Alls tóku 38 Íslendingar þátt í námskeiðum í Nääs á árunum 1889 til 1938, þar af tóku níu þátt í trésmíðanámskeiðum (Gísli Þorsteinsson og Brynjar Ólafsson, 2012).

Kennaraskóli Mikkelsens


Aksel Mikkelsen var helsti frumkvöðull uppeldismiðaðrar handmenntakennslu í Danmörku og sóttu margir íslenskir kennarar skóla hans heim. Á sama tíma og Salomon stofnaði kennaraskólann í Nääs í Svíþjóð var Mikkelsen að kenna börnum trésmíðar í Kaupmannahöfn. Markmið kennslunnar var starfsmiðað í upphafi en eftir nám hjá Salomon í Nääs söðlaði Mikkelsen um og lagaði kennsluna að hugmyndafræði uppeldismiðaðra handmennta. Árið 1886 festi hann kaup á stórri fasteign í Kaupmannahöfn og stofnaði þar skóla í uppeldismiðuðum handmenntum sem varð síðar að Dansk slöjdlærerskole og þjónaði hann öllu landinu.

Mikkelsen ritaði fjölmargar greinar og bækur um hugmyndafræði og framkvæmd uppeldismiðaðra handmennta. Þó að hann væri sammála Salomon um hugmyndafræðina áttu þeir í ritdeilum um einstaka þætti kennslunnar. Til að mynda vildi Salomon leggja áherslu á einstaklingsmiðaða kennsluhætti en Mikkelsen vildi kenna nemendum í hóp. Mikkelsen þróaði röð verkefna, líkt og Salomon, sem nemendur unnu í ákveðinni röð, frá hinu einfalda til hins flókna. Í upphafsverkefnunum voru notuð

einföld verkfæri en eftir því sem verkefni þyngdust var krafist notkunar flóknari verkfæra og verkaðferða. Nemendur fengu einnig leiðsögn í uppeldisfræði. Námskeiðin voru flokkuð í þrjú stig: fyrir byrjendur, lengra komna og lokanámskeið. Námskeiðunum lauk með verklegu og munnlegu prófi. Ekki er vitað nákvæmlega hversu margir Íslendingar sóttu námskeið Mikkelsens, en vegna náinna tengsla Íslands við Danmörku á þessum tíma hafði skóli Mikkelsens, í upphafi, meiri áhrif á kennslu í uppeldismiðuðum handmenntum hér á landi en skóli Salomons (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinson, 2011).




Rétt sögun



Rétt heflun



Röng vinnustelling



Rétt vinnustelling

Mynd: Myndir af vinnustellingum voru gjarnan sýndar nemendum til leiðbeiningar

Heimilisiðnaður og uppeldismiðaðar handmenntir

Við iðnvæðingu hins vestræna heims færðist gerð áhaldna og fatnaðar smám saman frá sveitaheimilum til verksmiðja. Handverkið hvarf þó ekki af heimilunum. Um miðja 19. öld var hugtakið heimilisiðnaður farið að ryðja sér til rúms, til aðgreiningar frá verksmiðjuíðnaði. Einfaldasta útskýring hugtaksins heimilisiðnaðar er að það séu hlutir sem gerðir eru á heimilum (Mörður Árnason, 2010). Á fyrstu áratugum 20. aldar var hugtakið heimilisiðnaður þó fyrst og fremst tengt nýbreytni, framförum og atvinnusköpun (Áslaug Sverrisdóttir, 2011). Heimilisiðnaðarstefnan tengist þjóðernis-
hyggju og varðveislu og hagnýtingu gamalla verkaðferða við að framleiða fallega og nytsamlega hluti er hæfa kröfum nýs tíma en með vísun í þjóðlegan menningararf (Heimilisiðnaðarfélag Íslands, 2013). Heimilisiðnaðinum var í upphafi einnig ætlað að efla sjálfsbjargargetu heimila og gefa ungu handverksfólki tækifæri til að vinna fyrir sér (Inga Lára Lárusdóttir, 1913).

Talsmenn heimilisiðnaðar á Íslandi á upphafstíma uppeldismiðaðra handmennta voru sammála um að ef takast ætti að koma á fót iðnaði á heimilum á nýjan leik yrði framleiðslan að svara kröfum tímans. Skiptar skoðanir voru þó á því hvort nýta bæri íslenskan efnivið. Aðalatriðið var að koma á fót heimilisiðnaði sem gæti keppt við innfluttan varning að gæðum og útliti. Heimilisiðnaðurinn átti að skila arði með því að nýta betur vinnuafli og auka tekjur. Menn voru heldur ekki einhuga um það hvers konar handverk og framleiðsla hentaði best. Hins vegar sáu margir handverkskennslu í skólum sem leið til að mennta þjóðina í heimilisiðnaði, sem hefði síðan áhrif á framgang hans í samfélaginu, íslensku atvinnulífi til hagsbóta (Áslaug Sverrisdóttir, 2011; Sigrún P. Blöndal, 1929).

Þegar kennsla í uppeldismiðuðum handmenntum var kynnt hér á landi gaf Jón Þórarinnsson henni heitið skólaiðnaður, til aðgreiningar frá heimilisiðnaði, í ljósi ólíkra markmiða þessara stefna. Hann segir meginmarkmið heimilisiðnaðar vera sjálfsbjargar-
viðleitni og að afla heimilinu tekna. Þótt skólaiðnaður sé um margt skyldur heimilisiðnaði þá sé markmið hans að „veita unglíngum andlegt og líkamlegt uppeldi, að mennta þá í orðsins sanna skilningi“ (Jón Þórarinnsson, 1891, bls. 8).

UPPHAF KENNARAMENNTUNAR Í UPPELDISMIÐUÐUM HANDMENNTUM Á ÍSLANDI

Fyrstu ákvæði um barnakennslu á Íslandi er að finna í tilskipun frá 12. desember 1860. Þá var Reykjavíkurborg gert skylt að stofna barnaskóla. Sett var reglugerð þann 27. október 1862 þar sem segir um menntun kennara: „Kennarar geta þeir einir orðið, sem eru orðnir tvítugir að aldri og geta orðið prestar á Íslandi eður eru útskrifaðir úr menntastofnun handa skólakennurum (skolelærerseminarium)“ (Reglugerð fyrir barnaskóla í Reykjavík 27. október 1862). Til að stunda nám í *skolelærerseminarium* þurfti að leita út fyrir landsteinana. Halldór Bjarnason frá Skildinganesi var fyrstur Íslendinga til að ljúka kennaraprófi árið 1806 frá Blaagaardsseminariet í Danmörku en hann kenndi aldrei á Íslandi. Pétur Guðjohnsen lauk formlegu kennaraprófi árið

1840 við sama skóla, sem þá hét Jonstrup Lærerseminarium, og kenndi við Barnaskóla Reykjavíkur fram til 1848 (Helgi Elíasson, 1945; Þuríður J. Kristjánsdóttir, 1992).

Flestir þeir sem sáu um kennslu í barnaskólum fyrir tíma kennaramenntunar á Íslandi voru guðfræðingar eða stúdentar. Eftir að kvenna-, gagnfræða- og búnaðarskólar hófu starfsemi sína á ofanverðri 19. öld urðu nemendur þaðan uppistaðan í kennarastéttinni, ásamt sjálfmenntuðum alþýðumönnum (Þorsteinn Sigurðsson, 1968). Nokkrir þessara skóla kenndu handmennt í einhverri mynd. Fengu því margir nemendur þeirra einhverja leiðsögn í handverki, þó að ekki væri um formlegt kennararnám að ræða (Gunnar M. Magnúss, 1939).

Þörfin fyrir kennaramenntun jókst í réttu hlutfalli við aukið skólahlald. Þó að þörfin á úrbótum í menntun kennara væri almennt viðurkennd var hins vegar erfitt að ná samstöðu um þau frumvörp sem lögð voru fram á Alþingi. Kennaramenntun á Íslandi átti því erfitt uppdráttar og langan tíma tók að koma henni á fót.

Árið 1887 var lagt fram frumvarp á Alþingi um alþýðumenntun á Íslandi. Það var í fimmtán köflum og fjallaði einn kafli þess um kennaramenntun. Lagt var til að stofnaðir yrðu tveir kennaraskólar hér á landi (Magnús Jónsson, 1958). Frumvarpið var fellt með naumum meirihluta. Hinn 23. febrúar 1889 var Hið íslenska kennarafélag stofnað. Á fyrsta aðalfundi félagsins flutti Þorvaldur Thoroddsen tillögu um „að skora á Alþingi að sjá svo um að alþýðuskólakennurum verði greiddur vegur til að mennta sig sem kennara, áður en þeir takast barnakennslu á hendur“ (Lýður Björnsson, 1981, bls. 26). Árið 1895 setti Alþingi á laggirnar nefnd sem samdi frumvarp um barnakennslu og undirbúningsmenntun barnakennara. Í frumvarpinu var lagt til að stofnaður yrði kennaraskóli í Flensborg í Hafnarfirði með tveimur föstum kennurum. Frumvarpið, sem náði ekki fram að ganga, var síðan endurflutt árin 1897 og 1899, en fellt í bæði skiptin.

Sumarið 1890 ferðaðist fyrsti flutningsmaður frumvarps um menntun alþýðu og kennara, Jón Þórarinsson, skólastjóri alþýðu- og gagnfræðaskólans í Flensborg í Hafnarfirði, til Danmerkur til þess að kynna sér kennslu í uppeldismiðum handmenntum og menntamál (Guðni Jónsson, 1932). Tók hann þátt í námskeiði hjá Aksel Mikkelsen við Slöjdlærerskolen í Kaupmannahöfn og tileinkaði sér kennsluáferðir hans og hugmyndafræði. Um haustið hóf Jón að kenna skólaiðnað, eins og hann kallaði uppeldismiðuðu handmenntirnar, í Flensborgarskóla og hafði þá kennslu með höndum til ársins 1908. Jón hafði mikinn áhuga á uppeldismiðuðum handmenntum og lagði mikið upp úr þeirri kennslu (Guðni Jónsson, 1932). Mun þetta hafa verið upphaf uppeldismiðaðra handmennta í skólum á Íslandi en þó ber að geta tilrauna til handverkskennslu í Hausastaðaskóla um aldamótin 1800 (Gunnar M. Magnúss, 1964).

Námskeið við alþýðu- og gagnfræðaskólann í Flensborg

Jón Þórarinsson var einn helsti baráttumaður fyrir kennaramenntun á Íslandi og fyrsti formaður Hins íslenska kennarafélags. Í upphafi árs 1891 sendi kennarafélagið erindi til Magnúsar Stephensen landshöfðingja um styrkveitingu frá Alþingi til að hefja kennslu í skólaiðnaði (slöjd) í Lærða skólanum í Reykjavík eða til að setja á stofn sérstakan skóla í Reykjavík til að sinna skólaiðnaði (Athugasemdir við frumvarp, 1891).

Í framhaldi af erindi kennarafélagsins lagði fjárlaganefnd þingsins til, í frumvarpi til fjárlaga, að 11.400 kr. styrkur yrði veittur á fjárlögum ársins 1892–1893. Átti hann að greiða fyrir menntun kennara í skóla Mikkelsens er gæti veitt hinum íslenska skóla forstöðu og miðlað þekkingu til verðandi kennara ásamt því að kaupa verkfæri og áhöld handa 30 námsmönnum (Frumvarp til fjárlaga, 1891).

Miklar umræður spunnust um tillögu fjárlaganefndar. Ekki voru allir þingmenn á einu máli um nauðsyn skólaiðnaðar fyrir alþýðumenntun og einkenndist umræðan af fáfræði um innihald hennar og gildi. Sumum þingmönnum fannst þó að skólaiðnaðarkennslan gæti orðið til þess að kenna landsmönnum að bera virðingu fyrir líkamlegri vinnu og að gera menn búhaga (Árni Jónsson, 1891; Benedikt Sveinsson, 1891). Skólaiðnaðurinn gæti jafnframt skapað jafnvægi milli bóklegra og verklegra áherslna í skólastarfi. Hún væri vel til þess fallin að kenna þjóðlegar iðnir og ekki ætti að gera greinarmun á heimilisiðnaði og skólaiðnaði (Jón Jónsson, 1891). Í áliti landshöfðingja kemur hins vegar fram að skólaiðnaðarkennsla sé mikilvæg af heilbrigðisástæðum þar sem íslensk ungmenni fari á mis við þá líkamlegu æfingu sem landvarnarskylda veiti í öðrum löndum. Mælti hann því með stofnsetningu sérstaks skóla til að sinna kennslunni í Reykjavík (Athugasemdir við frumvarp, 1891). Flestum fannst þó mikilvægara að kenna aðrar námsgreinar en skólaiðnað í skólum landsins og var tillagan felld í annarri umræðu þingsins um fjárlögin (Árni Jónsson, 1891; Ólafur Briem, 1891). Hins vegar virðist sem þingmenn hafi viljað fylgjast með umræðu samtímans um þróun alþýðumenntunar í Skandinavíu (Páll Briem, 1891).

Á sama tíma sendi Jón Þórarinsson, sem þá var allt í senn, þingmaður, formaður Hins íslenska kennarafélags og skólastjóri við Flensborgarskóla, beiðni til fjárlaganefndar um 1600 kr. fjárstuðning til skólaiðnaðarkennslu í Flensborg fyrir almanaksárin 1892–1893. Beiðnin varð að viðbótartillögu fjárlaganefndar og var samþykkt sem liður í nýjum fjárlögum. Veitt var fé til áhaldakaupa fyrir tíu nemendur, til viðgerða á kennsluhúsnæði og fyrir laun kennara. Fjárlaganefndin réttlætti niðurstöðuna sem stuðning við litla tilraun sem síðan mætti læra af (Arnljótur Ólafsson, 1891).

Á sömu fjárlögum var Flensborgarskóla veittur styrkur til kennarafræðslu fyrir þrýsting frá Alþingi á landsstjórnina. Þann 1. febrúar 1892 gaf landshöfðinginn út Reglugjörð fyrir kennarakennslu við alþýðu- og gagnfræðaskólann í Flensborg (nr. 9/1892). Í reglugerðinni var ákveðið að kennslan myndi hefjast 1. apríl ár hvert og stæði til 14. maí. Auk þess skyldi veita nemendum í efri deild gagnfræðaskólans uppfræðslu í uppeldisfræði frá 1. október til 1. mars ár hvert (Guðni Jónsson, 1932).

Á árabílinu 1892–1895 voru síðan haldin nokkurra vikna kennaranámskeið eftir skólalok á vorin við alþýðu- og gagnfræðaskólann í Flensborg. Fylgdi þeim æfingakennsla í barnaskóla sem einnig starfaði í Flensborg. Ein af aðalkennslugreinum skólans var uppeldismiðaðar handmenntir, sem í reglugerð landshöfðingjans voru var kölluð uppeldisiðnaður. Kennslugreinarnar voru uppeldisfræði, uppeldisiðnaður (þ.e. slöjd) og teiknun og verklegar kennsluæfingar voru í kristindómi, náttúrufræði, landafræði, reikningi, íslensku (lestri, stafsetningu o. s. frv.) og skrift (Guðni Jónsson, 1932, bls. 66).

Jón Þórarinsson lagði ríka áherslu á kennslu í uppeldismiðuðum handmenntum og þótti hann ná furðu miklum árangri í kennslunni. Hafði hann sjálfur einnig sérstaka

ánægju af smíðum og öðrum líkum störfum og sat hann oft við í smíðastofunni í frí-stundum sínum (Guðni Jónsson, 1932).

Jón Þórarinnsson studdist við aðferðir Mikkelsens í handmenntakennslu sinni (Jón Þórarinnsson, 1891). Eingöngu var lögð stund á trésmíði þar sem sögin og hefillinn voru aðalverkfærin. Ekki mátti útmá rispur með þjölum eða sandpappír. Nemendur gerðu hópæfingar til að æfa notkun verkfæra og þjálfa líkamann. Kennsluáætlunin var sveigjanleg til að unnt yrði að mæta þörfum ólíkra einstaklinga (Bennett, 1937). Kenna átti öllum bekknum saman, sem og einstökum nemendum. Kennslan byggðist á áhuga nemandans og þess vegna voru smíðaverkefni hlutir úr daglegu lífi. Þegar öllum bekknum var kennt var hluturinn sem fyrirhugað var að smíða sýndur og gerð hans útskýrð. Kennarinn átti að teikna verkefni á töfluna og nemendur síðan að teikna þau í minnisbækur (*The Danish slöjd guide*, 1893).

Aðsókn var dræm að námskeiðunum. Vorið 1895 féll kennsla niður í hinum uppeldismiðaða handmenntaþætti námskeiðanna vegna ónógs undirbúnings nemenda, en gert var ráð fyrir einhverri verklegri kunnáttu. Í staðinn kenndi Jón þeim teikningu. Vorið 1896 féllu öll kennaranámskeiðin í Flensborg niður vegna ónógrar þátttöku. Á þessum tíma fóru því margir kennarar skólans á námskeið í kennarafræðum til Kaupmannahafnar til að sækja sér frekari menntun og til leita að fyrirmyndum að kennaramenntun.

Kennaradeild við Flensborgarskóla

Sumarið 1895 sendu Jón Þórarinnsson og Jóhannes Sigfússon, kennarar við Flensborgarskóla, erindi til stiftsyfirvalda með ýtarlegum tillögum um fyrirkomulag kennaramenntunar í Flensborg. Það leiddi til þess að um haustið 1896 var stofnuð kennaradeild í Flensborg sem starfaði til ársins 1908 (Freysteinn Gunnarsson, 1958). Deildin starfaði sem þriðji bekkur gagnfræðaskólans og byggðist á árlægum styrk úr landssjóði.

Lítills háttar breytingar voru gerðar á innihaldi kennaranámsins; þannig var bætt við kennslu í dönsku og söng (Guðni Jónsson, 1932). Uppeldismiðaðar handmenntir voru ekki meðal aðalkennslugreina námsins, líkt og fyrr, en samkvæmt reglugerðinni frá 1892 var ætlast til að þær væru kenndar (Reglugjörð fyrir kennarakennslu við alþýðu- og gagnfræðaskólann í Flensborg nr. 9/1892). Aðalkennarar kennaradeildarinnar voru Jón Þórarinnsson, sem kenndi auk annarra greina heilbrigðisfræði og uppeldismiðaðar handmenntir, og Jóhannes Sigfússon, sem kenndi uppeldisfræði meðan hann var við skólann, eða þar til hann gerðist yfirkennari við Menntaskólann í Reykjavík haustið 1904. Þegar Jóhannes lét af störfum tók Magnús Helgason við kennslugreinum hans. Æfingakennslan fór fram í Garðaskóla. Deildin var fásótt framan af, með um fimm nemendum á ári, en um fimmtán að jafnaði síðustu fimm árin (Guðni Jónsson, 1932).

Kennaraskólinn við Laufásveg

Nýtt frumvarp um kennaraskóla var lagt fram á Alþingi árið 1903 þar sem lögð var til stofnun kennaraskóla í Reykjavík. Frumvarpið var endurflutt 1905 en ekki

samþykkt fyrir en við endurflutning þess árið 1907. Kennaraskólinn við Laufásveg var síðan stofnaður 1908. Stofnsetning Kennaraskólans hélst í hendur við samþykkt laga um alþýðufræðslu á Íslandi, sem tóku gildi 1. júní 1908 og sköpuðu aukna þörf fyrir menntaða kennara (Loftur Guttormsson, 2008).

Kennaraskólinn var þriggja vetra skóli. Inntökukröfur voru ekki strangar og hægt var að standast þær án skólagöngu umfram barnafræðsluna. Samkvæmt lögnum um Kennaraskólann var ein hinna löggiltu kennslugreina uppeldismiðaðar handmenntir, sem þá voru kallaðar handavinna. Jón Þórarinsson, sem aðallega hafði kennt greinina í Flensborgarskólanum, fékk nú Matthías Þórðarson fornminjavörð til að taka að sér kennsluna (Freysteinn Gunnarsson, 1958). Hafði hann bæði lokið framhaldsmenntun frá Kaupmannahafnarháskóla í norrænum fræðum og numið uppeldismiðaðar handmenntir við kennaraskóla Salomons (Holm, 1943). Jafnframt hafði hann kennt börnum smíðar um nokkurt skeið við Barnaskóla Reykjavíkur.

Gagnstætt Jóni Þórarinssyni kenndi Matthías samkvæmt kennslufyrirkomulagi Salomons. Árið 1908 gaf Matthías út bókina *Smíðareglur við skólasmíði* til stuðnings við kennsluna (Smíðareglur við skólasmíði, 1908). Bókin er þýðing á fyrri hluta verkefnabókar Salomons, sem hann gaf út árið 1902 (Salomon, 1902). Í bókinni er röð 20 verkefna fyrir byrjendur.

Æfingakerfi Salomons og hugmyndafræði uppeldismiðaðra handmennta (slöjd) var undirstaða kennslunnar. Í kennslunni var tekið tillit til mismunandi getu nemenda og vinnuhraða. Skipuleg röð verkefna átti að þjálfa handverksleikni og stuðla að alhliða þroska nemendanna (Salomon, 1902). Unnið var frá hinu einfalda til hins flókna. Hver nemandi fékk að vinna á eigin hraða og taka þannig framförum frá einu viðfangsefni til annars. Þannig héldu nemendur áfram þar sem frá var horfið frá fyrra ári (Kennaraskólinn í Reykjavík, 1909–1942). Ekki mátti hægja á nemendum til samræmis við nemendur sem unnu hægar (Salomon, 1902).

Árin 1908–1910 kenndi Matthías bæði drengjum og stúlkum uppeldismiðaðar handmenntir, tvo tíma á viku, í öllum þremur bekkjum skólans (Kennaraskólinn í Reykjavík, 1909–1942). Æfingakennsla Kennaraskólans fór flest árin fram í skólanum sjálfum en nemendur gátu jafnframt farið í áheyrn í Barnaskóla Reykjavíkur, þar sem Matthías kenndi á sama tíma. Ekki er ljóst af heimildum hvort nemendur fengu æfingakennslu í uppeldismiðuðum handmenntum.

Þegar handavinnukennsla stúlkna hófst árið 1910 var heiti hinna uppeldismiðuðu handmennta Kennaraskólans, skólasmíði, breytt í handavinnu pílta. Handavinnukennslunni var þá kynskipt í fyrsta og öðrum bekk en báðum kynjum kennd smíði í þriðja bekk (Kennaraskólinn í Reykjavík, 1909–1942).

Þorbjörg Friðriksdóttir kenndi handavinnu stúlkna, eins og tíðkaðist í kennslukonuskólum á Norðurlöndunum, en hún hafði menntað sig í Danmörku við Dansk Kunstflidsforenings Skole og hjá Dansk Husflid (Vigdís Pálsdóttir, 1985). Þorbjörg lagði áherslu á gerð klæðnaðar er konur klæddust á þessum tíma og að viðhalda kunnáttu í þrjóni, hekli og viðgerðum á fötum. Var áhersla hennar meira í ætt við heimilisíðnað en hugmyndafræði uppeldismiðaðs handverks. Stúlkurnar saumuðu til dæmis nærföt og svuntur auk þess sem þær lærðu að þrjóna og gera ýmsa smáhluti. Þorbjörg

starfaði við skólann til ársins 1921. Skólaárið 1921–1922 kenndi Guðrún Jónsdóttir Erlings hannyrðir en áhersla hennar var á ýmiss konar útsaum, hvítsaum, listsaum og baldýringu (Áslaug Sverrisdóttir, 2011; Kennaraskólinn í Reykjavík, 1909–1942; Vigdís Pálsdóttir, 1985).

Skólaárin 1917–1919 féll handavinnukennsla pilta og stúlkna niður vegna vetrarkulda og kolaskorts (Barnaskóli Reykjavíkur, 1930; Kennaraskólinn í Reykjavík, 1909–1942). Haustið 1919 hófu Matthías og Þorbjörg kennsluna á ný. Matthías kenndi til ársins 1921 (Freysteinn Gunnarsson, 1958). Þá tók við kennslunni Gísli Jónsson barnaskólakennari, sem kenndi handavinnu drengja með sömu áherslum í tvö ár (Áslaug Sverrisdóttir, 2011; Kennaraskólinn í Reykjavík, 1909–1942).

Skólaárið 1922–1923 tók Halldóra Bjarnadóttir, fyrrverandi skólastjóri Barnaskóla Akureyrar, við handavinnukennslunni og annaðist hún kennsluna til ársins 1930 (Freysteinn Gunnarsson, 1958). Í staðinn fyrir hannyrðakennslu kvenna var nú tekin upp kennsla í heimilisiðnaði fyrir bæði kyn (Kennaraskólinn í Reykjavík, 1909–1942). Með kennslu sinni, sem Halldóra kallaði nýja handavinnu, hafði Halldóra mikil og mótandi áhrif á handavinnukennslu í íslenskum barnaskólum í áraradír (Kennaraskólinn í Reykjavík, 1909–1942, Vigdís Pálsdóttir, 1985). Halldóra hafði menntað sig í Noregi, þar sem hún lauk kennaraprófi 1899, og hafði verið þar barnakennari um nokkurt skeið. Í Noregi gekk þá yfir alda áhuga á heimilisiðnaði, sem byggðist á svipaðri hefð og á Íslandi. Þessi áhersla var meðal annars tilraun til að vernda verkmenningu norska sveitasamfélagsins (Áslaug Sverrisdóttir, 2011; Kjosavik, 2001; Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, 1960).

Áhrifa frá heimilisiðnaðarstefnunni gætti í kennslu Halldóru. Hún hafði í mörg ár beitt sér fyrir framgangi heimilisiðnaðar á Íslandi og staðið fyrir kennslu í heimilisiðnaði í Barnaskóla Akureyrar, samkvæmt norskum fyrirmyndum. Megináherslur heimilisiðnaðarins voru ólíkar hugmyndum forkólfa uppeldismiðaðra handmennta (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson, 2011). Rök Halldóru fyrir þessum áherslum voru hins vegar þau að þar sem erfitt hefði verið að koma uppeldismiðuðum handmenntum á fót í barnaskólum landsins væri eðlilegt að láta á það reyna hvort þessi tegund handavinnu skilaði sér betur út í skólana (Áslaug Sverrisdóttir, 2011; Kennaraskólinn í Reykjavík, 1909–1942). Halldóra lagði einnig áherslu á tengingu hugar og handar og uppeldisleg gildi handverks (Halldóra Bjarnadóttir, 1919). Hún naut stuðnings áhugafólks um eflingu heimilisiðnaðar á Íslandi, sem vildi koma á þjóðlegri handavinnukennslu í skólum (Áslaug Sverrisdóttir, 2002). Árið 1922 skrifaði Elín Briem bréf til Alþingis um mikilvægi þess að fá Halldóru til starfa í Kennaraskólanum:

Sérstaklega tel jeg það mjög þýðingarmikið að hún taki að sér kennsluna í Kennaraskólanum, því þaðan eiga kennaraefnin að koma með fullkomna þekkingu og áhuga á þessu sviði, og heimilisiðnaður getur aldrei komist í rétt horf fyrir en handavinna, bæði fyrir stúlkur og pilta, verður að skyldunámsgrein í öllum barnaskólum landsins, á sama hátt og nú er lögkveðið í öllum alþýðuskólum á Norðurlöndum. (Elín Briem Jónsson, 1922)

Kenndir voru tveir tímar á viku og viðfangefni stúlkna og pilta urðu nú að mestu þau sömu. Þau voru þrjón og saumur á algengum munum, gerð ýmissa muna úr basti, bursta-, sópa-, skó- og körfugerð, útsögun, bókbönd og viðgerðir (Gunnar M. Magnúss, 1939; Kennaraskólinn í Reykjavík, 1909–1942). Um kennsluna segir Halldóra í ævisögu sinni:

Stúlkurnar þrjónuðu og saumuðu. Sumir piltanna þrjónuðu líka. Ég vildi láta þá alla taka lykkjuna, það gat komið sér vel síðar. Sumir voru líka mestu þrjónakarlar frá fyrri tíð. Ég lét þá sauma sér hlífðarsvuntu til þess að hafa við bókbönd, og kríla-bönd í ... Það var sérstaklega gaman að kenna piltunum handavinnuna, þetta var allt svo nýtt hjá þeim. (Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, 1960, bls. 163–164)

Þótt ætlun Halldóru hafi að hluta til verið að gera hefðbundnu íslensku alþýðuhandverki skil, svo sem þrjóni og saumaskap, kenndi hún einnig handverksaðferðir sem hún hafði tileinkað sér í Noregi. Trúlegt er að hún hafi viljað innleiða þessar aðferðir til stuðnings þeirri hugsjón sinni að gera Íslendinga sjálfum sér nóga og óháða öðrum með eflingu heimilisiðnaðarins (Áslaug Sverrisdóttir, 2011; Halldóra Bjarnadóttir, 1912).

Námsmat í handavinnu byggðist á mati á verkefnum nemenda sem þeir skiluðu að vori. Bókbönd varð vinsælt meðal nemenda. Sem dæmi má nefna að rúmur þrjú-ungur þeirra 999 hluta sem nemendur skiluðu af sér vorið 1928 var innbundnar bækur (Kennaraskólinn í Reykjavík, 1909–1942). Haldnar voru sýningar á vinnu nemenda á vorin (Vigdís Pálsdóttir, 1985).

Skólaárin 1930–1933 lagðist handavinnukennslan af vegna þrengsla í skólanum, en hófst aftur skólaárið 1933–1934 (Kennaraskólinn í Reykjavík, 1909–1942). Þess má geta að nokkrir nemendur höfðu látið í ljós óánægju með að geta ekki útskrifast með þekkingu á handavinnu og að geta ekki nýtt sér hana í starfi. Einnig kom fram ósk frá Hinu íslenska kennarafélagi um að sérstök handavinnudeild yrði stofnuð við skólann, sem gæti bæði sinnt handavinnumenntun starfandi og verðandi kennara.

Árið 1933 tók við kennslunni Arnheiður Jónsdóttir, sem kenndi við skólann til 1953 (Freysteinn Gunnarsson, 1958; Kennaraskólinn í Reykjavík, 1909–1942). Arnheiður hafði numið við Kunstflids- og kunstindustriskólanum í Kaupmannahöfn 1921–1922 (Ólafur Þ. Kristjánsson, 1958). Kenndar voru tvær stundir á viku, að mestu með nýjum viðfangsefnum og listrænum áherslum. Nú var fyrsta bekk kennd pappírs- og pappavinna og meðhöndlun leirs, ásamt meðferð vatnslita til skreytinga. Í öðrum og þriðja bekk unnu piltar áfram með pappa og skáru í línóleumdúk. Í þriðja bekk var piltum auk þessa kennt bókbönd sem fyrr. Skólaárið 1939–1940 færðist handavinnukennsla pilta alfarið yfir í Handíða- og myndlistaskólann, en kennsla stúlkna hélst áfram innan skólans (Kennaraskólinn í Reykjavík, 1909–1942).

ÁLYKTANIR OG LOKAORÐ

Upphaf kennaramenntunar í uppeldismiðuðum handmenntum á Íslandi má rekja til Danmerkurferðar Jóns Þórarinssonar skólameistara í Flensborg, en þar sótti hann námskeið í Slöjdlærerskole Mikkelsens í Kaupmannahöfn. Augljóst er að Jón heillaðist af

hugmyndafræði uppeldismiðaðra handmennta og kennslufyrirkomulagi Mikkelsens. Við komuna til landsins kynnti Jón hugmyndafræði uppeldismiðaðra handmennta fyrir íslensku menntafólki. Hann fékk Hið íslenska kennarafélag til að beita sér fyrir því að uppeldismiðaðar handmenntir yrðu þáttur í íslenskri alþýðumenntun í þeirri trú að hinn menntandi kraftur þeirra yrði þjóðinni til gæfu (Jón Þórarinsson, 1891). Í fyrirlestri sínum um skólaiðnað (slöjd) sem Jón hélt á vegum félagsins haustið 1890 sagðist hann hafa „komizt til óbifanlegrar sannfæringar um það, að í slíkri handvinnu felist það menntunarafl fyrir unglunga, hvert svo sem leiðir þeirra liggja seinna meir í lífinu, sem skólarnir eigi ekki að láta ónotað“ (Jón Þórarinsson, 1891).

Ötul barátta Jóns Þórarinssonar og stuðningsmanna hans á Alþingi, sem og utan þess, leiddi síðan til upphafs kennaramenntunar á Íslandi þegar hann hóf að kenna verðandi barnakennurum árið 1892. Óvíst er að kennsla í uppeldismiðuðum handmenntum hefði hafist á þessu skeiði íslenskrar alþýðumenntunar ef upphaf kennaramenntunar hefði verið í höndum annarra en Jóns Þórarinssonar og samstarfsmanna hans. Á sama hátt var Cygnæus helsti áhrifavaldur við upphaf kennaramenntunar í Finnlandi og var það fyrir tilstuðlan hans að uppeldismiðaðar handmenntir fengu veglegan sess í finnskri alþýðumenntun. Hliðstæð þróun átti sér stað í Svíþjóð og Danmörku þar sem menntun kennara var lykillinn að útbreiðslu hinna uppeldismiðuðu handmennta.

Á þessum tíma var erfitt fyrir íslensku þjóðina og ráðamenn hennar að skilja gildi verklegrar vinnu fyrir uppeldi barna á forsendum hugmyndafræði hinna uppeldismiðuðu handmennta. Kemur þetta meðal annars fram í umræðu þingmanna á Alþingi um upphaf kennaramenntunar. Þar komu fram mismunandi skoðanir á megináherslum kennslunnar. Til dæmis fullyrti Benedikt Sveinsson, þingmaður á Alþingi 1891, að sameina mætti hugmyndir um skólaiðnað (uppeldismiðað handverk) og heimilisiðnað. Hann virtist álíta að uppeldismiðað handverk gæti allt eins átt við handverk eins og það hafði verið og var stundað í íslenska sveitasamfélaginu (Benedikt Sveinsson, 1891). Aðrir vildu nýta uppeldismiðað handverk til að lífga aftur við þjóðlega iðn með því að kenna handverk í skólum. Sumir fullyrtu að flest væri gagnlegra í skólamálum landsmanna en skólaiðnaður (Árni Jónsson, 1891; Ólafur Briem, 1891). Í umræðu um skólaiðnað á Alþingi lýsti Jón Þórarinsson furðu sinni á fáfræði og skilningsleysi þingmanna. Má þannig segja að hann hafi verið á undan sinni samtíð þar sem hann skildi uppeldislegt gildi verklegrar kennslu fyrir alþýðumenntun.

Íslensk blöð gerðu skil mismunandi skoðunum á hugmyndastraumum er tengdust viðhorfum til handverks í samfélaginu og hlutverki þess. Þessi umfjöllun tengdist oftast hugmyndum um heimilisiðnað, handavinnukennslu barna í skólum og uppbyggingu iðnaðar. Í Skólablaðinu veturinn 1908 segir til dæmis að beinasti vegurinn til að endurreisa heimilisiðnaðinn sé að kenna hann öllum unglungum í barnaskólum (Heimilisiðnaður, 1908).

Að upphafi kennaramenntunar á Íslandi í uppeldismiðuðum handmenntum komu einstaklingar með misjafnan menntunarbakgrunn, líkt og sjá má í töflu (bls. 114). Jón Þórarinsson var brautryðjandinn og studdist við hugmyndir danska skólaslöjdsins, bæði á kennaranámskeiðunum og í kennaradeildinni í Flensborg. Viðleitni hans til að koma á fót kennslu í uppeldismiðuðum handmenntum var að lokum studd af Alþingi þó að Alþingi hefði ekki samþykkt upphaflegar tillögur um stofnun skóla í

uppeldismiðuðum handmenntum í Reykjavík (Landshöfðingi, 1891). Hinar uppeldismiðuðu handmenntir urðu síðan að mikilvægum þætti í kennaranámskeiðunum í Flensborg. Má því segja að viðleitni Jóns til að koma á fót kennslu í uppeldismiðuðum handmenntum hafi mótað upphaf kennaramenntunar á Íslandi. Þetta má einnig sjá á þeirri miklu áherslu sem lögð var á námsgreinarnar uppeldisiðnað (uppeldismiðaðar handmenntir) og teikningu í kennaranámskeiðunum í Flensborg. Í ljósi þessa má einnig telja líklegt að upphaf handmenntakennslu í barnaskólum hafi verið byggt á fyrirmyndum, sem nemendur Jóns höfðu tileinkað sér á námskeiðunum og seinna í kennaradeildinni (Guðni Jónsson, 1932).

Tafla: Þróun kennaramenntunar í handmenntum á Íslandi til 1939

Tímabil	Kennari og nemendur	Skóli	Áhersla	Menntun kennarans
Fyrir 1890	Kennarar með einhverja þekkingu á handverki, <i>bæði kynin</i>	Framhaldsskólar á Íslandi	Ýmiss konar handverk	Framhaldsskólagengnir og sjálfmenntaðir alþýðumenn
1890–1892	Jón Þórarinnsson, <i>bæði kynin</i>	Alþýðu- og gagnfræðaskólinn í Flensborg	Skólaiðnaður eftir fyrirmynd Aksels Mikkelsen	Slöjdlærarskolen
1892–1895	Jón Þórarinnsson, <i>bæði kynin</i>	Flensborg, kennaranámskeið. Fellur niður 1895–1896	Uppeldisiðnaður eftir fyrirmynd Aksels Mikkelsen	Slöjdlærarskolen
1896–1908	Jón Þórarinnsson, <i>bæði kynin</i>	Flensborg, kennaradeild	Uppeldisiðnaður eftir fyrirmynd Aksels Mikkelsen	Slöjdlærarskolen
1908–1910	Matthías Þórðarson, <i>bæði kynin</i>	Kennaraskólinn	Skólasmíði eftir Nääskerfinu	Kennaraskólinn í Nääs
1910–1920	Matthías Þórðarson, <i>handavinna pilta</i>	Kennaraskólinn. Kennsla fellur niður 1917–1919	Skólasmíði eftir Nääskerfinu	Kennaraskólinn í Nääs
1910–1921	Þorbjörg Friðriksdóttir, <i>handavinna stúlkna</i>	Kennaraskólinn	Heimilisiðnaður	Dansk Kunstffidsforenings Skole og Dansk Husflid
1921–1923	Gísli Jónasson, <i>handavinna pilta</i>	Kennaraskólinn	Handavinna pilta eftir Nääskerfinu	Ekki vitað
1921–1922	Guðrún Jónsdóttir Erlings, <i>handavinna stúlkna</i>	Kennaraskólinn	Heimilisiðnaður	Ekki vitað
1922–1930	Halldóra Bjarnadóttir, <i>bæði kynin</i>	Kennaraskólinn. Kennsla fellur niður 1930–1933	Heimilisiðnaður	Heimilisiðnaður
1933–1939	Arnheiður Jónsdóttir, <i>bæði kynin</i>	Kennaraskólinn	Handverk og föndur	Handverk með listrænum áherslum

Áhrif skóla Salomons í Nääs voru einnig mikil á upphafsárum kennaramenntunar í uppeldismiðuðum handmenntum á Íslandi, þar sem Matthías Þórðarson var nemandi hans og nýtti námsskipulag Salomons í starfi sínu við Kennaraskólann. Má leiða líkur að því að aðferðir Salomons hafi verið notaðar í skólum á þessum tíma (Gísli Þorsteinsson og Brynjar Ólafsson, 2012).

Þó að kennaramenntun í uppeldismiðuðum handmenntum hafi hafist með nám-skeiðum Jóns Þórarinssonar 1892 urðu þær ekki að skyldunámsgrein í íslenskum barnaskólum fyrr en með lögum um fræðslu barna árið 1936. Vekur það athygli höfundna að kennaramenntun í þessum greinum skuli hafa farið fram í svo mörg ár fyrir þann tíma. Trúlegt er þó að yfirvöld og skólafólk hafi séð áhersluna sem mikilvægan þátt í alþýðmenntun, sem myndi þróast og verða hluti af skyldunámi. Ekki er þó víst að allir hafi einblínt á hin uppeldislegu gildi handmenntakennslunnar heldur viljað viðhalda íslensku handverki til að styðja við verkunnáttu ungs fólks og atvinnusköpun, bæði á heimilum og í samfélaginu.

Af upplýsingum í töflu má draga þá ályktun að menntun þeirra kennara er komu að kennaramenntun í uppeldismiðuðum handmenntum í upphafi hennar hafi litað innihald kennslunnar og áherslur hennar mótast af bakgrunni þeirra og hugsjónum. Til dæmis var munur á kennsluaðferðum Jóns Þórarinssonar og Matthíasar Þórðarsonar sem voru menntaðir í ólíkum slöjðskólum. Áherslur og viðfangsefni þeirra kennara sem byggðu kennslu sína á áherslum heimilisiðnaðarins voru einnig mismunandi. Ástæðu þessa má eflaust rekja til menntunarbakgrunns þeirra og þess tímabils er þeir kenndu greinina.

Salomon og Mikkelsen lögðu báðir áherslu á að kenna báðum kynjum handmenntir. Því fordæmi fylgdu þeir Jón Þórarinsson og Matthías Þórðarson báðir. Kynjaskipting átti sér fyrst stað innan kennaramenntunar á Íslandi þegar Þorbjörg Friðriksdóttir hóf að kenna stúlkum handavinnu í Kennaraskólanum 1910 og Matthías kenndi eingöngu piltum (Kennaraskólinn í Reykjavík, 1909–1942). Þessi skipting var ráðandi í barnaskólum allt fram til þess að Aðalnámskrá grunnskóla var gefin út 1977 (Brynjar Ólafsson, 2009). Vekur það hins vegar athygli að báðum kynjum var aftur kennt saman í Kennaraskólanum frá árinu 1922 allt til ársins 1939 þegar stofnuð var sérstök smíðadeild fyrir handmenntir pilta í Handíða- og myndlistaskóla Íslands og síðar sérstök deild fyrir handmenntir stúlkna í Kennaraskólanum (Freysteinn Gunnarsson, 1958).

Árið 1922 kom Halldóra Bjarnadóttir að kennslunni í Kennaraskólanum sem fulltrúi heimilisiðnaðarstefnunnar. Áform hennar var að viðhalda íslenskum handmenntahefðum með þjóðlegri handavinnu og koma á fót iðnaði á íslenskum heimilum. Engu að síður lagði hún einnig áherslu á almenn uppeldisleg gildi í heimilisiðnaðarkennslunni eins og fram kemur í grein hennar í *Hlín* (Halldóra Bjarnadóttir, 1919, bls. 29–30), en þar færir hún rök fyrir kennslu sinni: „Hún þroskar smekk barnsins og fegurðartilfinningu, sem venur það á vandvirkni, hreinlæti og nýtni og síðast en ekki síst eru verklegu störf, með því að vera tekin inn í skólana, hafin í herra veldi í meðvitund barnsins.“ Halldóra lagði áherslu á að kenna báðum kynjum saman. Viðfangsefni nemenda í tíð hennar voru að hluta til íslensk handavinna þess tíma, svo sem saumur og þrjón, en einnig innfluttar áherslur frá Noregi, eins og áður er getið.

Eðlilegt hefði þó verið að leggja meiri áherslu á íslenskt handverk og þróun þess þegar litið er til heimilisiðnaðaráherslunnar sem hún stóð fyrir (Áslaug Sverrisdóttir, 2011).

Áherslur Halldóru breyttu innihaldi handmenntakennslunnar og voru meginmarkmið hennar talsvert frábrugðin hugmyndum forkólfa uppeldismiðaðra handmennta sem Jón Þórarinsson og Matthías Þórðarson byggðu kennslu sína á. Í stað hannyrðakennslu kvenna var nú tekin upp kennsla í heimilisiðnaði fyrir bæði kynin (Kennaraskólinn í Reykjavík, 1909–1942). Ef til vill var ástæðan sú að heimilisiðnaðarstefnan var að ryðja sér til rúms sem andsvar við verksmiðjuíðnaðinum og tengdist einnig þjóðernisvakningu á Íslandi á þessum tíma. Hugsanlegt er einnig að menntafólk hafi ekki skilið innihald og tilgang danska skólasljódsins og Nääs-kerfisins.

Í tíð Arnheiðar Jónsdóttur var báðum kynjum kennt handverk og fönður til ársins 1939. Hins vegar voru áherslur hennar aðrar en Halldóru. Horfið var frá áherslum heimilisiðnaðarins til listrænna viðfangsefna að fyrirmynd danskra kennaramenntunarstofnana (Ólafur Þ. Kristjánsson, 1958).

Þó að Jón Þórarinsson og Matthías Þórðarson hafi verið meðal frumkvöðla í innleiðingu uppeldismiðaðra handmennta á Íslandi voru þeir jafnframt stuðningsmenn íslensks heimilisiðnaðar. Af þeirri sögu, sem hér hefur verið rakin, sýnist víst að þeir hafi talið hugmyndafræði uppeldismiðaðra handmennta henta betur sem áherslu í alþýðumenntun enda lögðu þeir mikið á sig til að hrinda í framkvæmd hugmyndum sínum með góðum árangri.

Barátta frumkvöðlanna og sterk tengsl þeirra við upphaf kennaramenntunar varð grundvöllurinn að því að uppeldismiðaðar handmenntir festust í sessi í íslensku skólakerfi. Einnig má segja að hugmyndafræði uppeldismiðaðra handmennta hafi átt þátt í að breyta viðhorfum til verklegs náms sem áherslu í alþýðumenntun á Íslandi. Hafa hin uppeldislegu gildi því haft áhrif á innleiðingu og þróun handmenntakennslu hér á landi allt fram til dagsins í dag.

ATHUGASEMDIR

- 1 Samkvæmt *Den danske ordbog* (Hjorth og Kristensen, 2003–2005) dregur hugtakið *slöjd* upprunalega merkingu sína af fornnorræna orðinu *slægr* sem þýðir snjallur, séður, undirförrull, slægvitur, lymskur eða lymskulegur. Í Svíþjóð breyttist þó merking og mynd orðsins lítillega í gegnum tíðina (Hellquist, 1922; Borg, 2006). Eldri útgáfa orðsins er *slögher* sem þýðir snjallur, séður, duglegur og er dregið af enn eldri mynd þess *slöghth* sem þýðir listfærni og dugnaður (Hjorth og Kristensen, 2003–2005).
- 2 Sjá nánari umfjöllun höfundar um hugmyndafræðilegan bakgrunn uppeldismiðaðra handmennta í fyrri grein höfundar (Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson, 2011).

HEIMILDIR

- Arnljótur Ólafsson. (1891). Fertugasti og annar fundur: Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893; 3. umræða. *Alþingistíðindi A-deild*, 566–568.
- Athugasemdir við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892–1893. (1891). *Alþingistíðindi C-deild*, 16.
- Árni Jónsson. (1891). Þrítugasti og fyrsti fundur: Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893; 2. umræða. *Alþingistíðindi B-deild*, 1046–1058.
- Áslaug Sverrisdóttir. (2002). *Þjóðlyndi, framfarahugur og handverk: Barátta Halldóru Bjarnadóttur fyrir endurreisn íslensks heimilisiðnaðar 1886–1966*. Meistaraprófsritgerð: Háskóli Íslands.
- Áslaug Sverrisdóttir. (2011). *Mótun hugmynda um íslenskt handverk 1850–1930: Áhrif fjölþjóðlegra hugmyndahreyfinga*. Doktorsritgerð: Háskóli Íslands, Hugvísindastofnun.
- Barnaskóli Reykjavíkur. (1930). *Gjörðabók skólanevndar 1901–1930*. Óútgefið handrit.
- Benedikt Sveinsson. (1891). Þrítugasti og fyrsti fundur: Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893; 2. umræða. *Alþingistíðindi B-deild*, 1106–1113.
- Bennett, C. A. (1937). *History of manual and industrial education 1870 to 1917*. Peoria: The Manual Arts Press.
- Borg, K. (2006). What is sloyd? A question of legitimacy and identity. *Tidskrift för lärarutbildning och forskning*, 13(2–3), 35–51.
- Brynjar Ólafsson. (2009). „... að mennta þá í orðsins sanna skilningi.“ Um sögu, þróun og stöðu handmennta í grunnskólum á Íslandi 1970–2007. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2009/011/index.htm>
- Brynjar Ólafsson og Gísli Þorsteinsson. (2011). Hönnun og smíði: Hugmyndafræðilegur bakgrunnur og þróun námsgreinar. *Uppeldi og menntun*, 20(1), 51–74.
- Cygnæus, U. (1910). *Uno Cygnæuksen kirjoitukset Suomen kansakoulun perustamisesta ja järjestyksestä* [Rit Uno Cygnæusar um upphaf og skipulag barnafræðslunnar í Finnlandi]. Helsinki: Kansanvalitusseura.
- The Danish slöjd guide*. (1893). Kaupmannahöfn: J. Jørgensen Printers.
- Elín Briem Jónsson. (1922). [Bréf Elínar Briem Jónsson til Alþingis, dags. 27. febrúar, 1922]. Óútgefið sendibréf.
- Freysteinn Gunnarsson. (1958). *Kennaraskóli Íslands 1908–1958*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893 (Lagt fyrir Alþingi 1891). (1891). *Alþingistíðindi C-deild*, 1–15.
- Gísli Þorsteinsson og Brynjar Ólafsson, (2012). Kennaraskólinn í Nääs og fyrstu íslensku nemendur hans í uppeldismiðaðri smíðakennslu. *Tímarit um menntarannsóknir*, 9(1), 33–60.
- Guðmundur Finnbogason. (1905). *Skýrsla um fræðslu barna og unglunga veturinn 1903–1904*. Reykjavík: Höfundur.
- Guðmundur Finnbogason. (1994). *Lýðmenntun* (2. útgáfa). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Upphaflega gefin út 1903).
- Guðni Jónsson. (1932). *Minningarrit Flensborgarskólans 1882–1932*. Reykjavík: Nemendasamband Flensborgarskólans.

- Gunnar M. Magnúss. (1939). *Saga alþýðufræðslunnar á Íslandi: Hátíðarrit SÍB*. Reykjavík: Samband íslenzkra barnakennara.
- Gunnar M. Magnúss. (1964). Nokkur orð um „Hið íslenska kennarafélag“ sjötíu og fimm ára. *Menntamál* 37(1–2), 7–18.
- Halldóra Bjarnadóttir. (1912). Handavinnukennsla í skólunum. *Skólablaðið*, 6(1), 6–10.
- Halldóra Bjarnadóttir. (1919). Handavinnukennsla í barnaskólum. *Hlín*, 3(3), 29–33.
- Hartman, S. G., Thorbjörnsson, H. og Trotzig, E. (1995). *Handens pedagogik: Kulturarv og utveckling i skolslöjden*. Linköping: Linköpings Universitet.
- Heimilisiðnaðarfélag Íslands. (2013). Saga félagsins. Sótt af http://www.heimilisidnadir.is/index.php?option=com_content&view=article&id=3&Itemid=3
- Heimilisiðnaður. (1908). *Skólablaðið* 2(23–24), 89–90.
- Helgi Eliasson. (1945). *Stutt yfirlit um skólamála á Íslandi: 1874–1944*. Reykjavík: Fræðslumálastjórnin.
- Hellquist, E. (1922). *Svensk etymologisk ordbok*. Lund: Gleerup.
- Hjorth, E. og Kristensen, K. (ritstjórar). (2003–2005). *Den danske ordbog: 1–6*. Kaupmannahöfn: Gyldendal.
- Holm, R. (ritstjóri). (1943). *Nääs 1872–1942: Minnesskrift, del 2*. Göteborg: Bokförmedlingen.
- Inga Lára Lárusdóttir. (1913). Heimilisiðnaðarfélag Íslands. *Kvennablaðið*, 19(7), 51–52.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (1984). *Menntakerfi í mótun: Barna- og unglingafræðslan á Íslandi 1908–1958* (2. útgáfa). Reykjavík: Höfundur.
- Jón Jónsson. (1891). Þrítugasti og fyrsti fundur: Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893; 2. umræða. *Alþingistíðindi B-deild*, 1062–1070.
- Jón Þórarinsson. (1891). Um kennslu í skóla-íðnaði. *Tímarit um uppeldi og menntamál*, 4, 3–20.
- Kananoja, T. (1991). Uno Cygnaeus, der Vater des finnische Volksschulwesens und seine Ideen zur Slöjd-Pädagogik. Í R. Oberliesen og G. Wiemann (ritstjórar), *Arbeit und Technik im Unterricht. Sonnenberg Internationale Berichte zur Geschichte I. Symposium im Nääs, 29. Juli – 04. August* (bls. 125–140). Braunschweig: Sonnenberg.
- Kantola, J., Nikkanen, P., Kari, J. og Kananoja, T. (1999). *Through education into the world of work: Uno Cygnaeus, the father of technology education*. Jyväskylä: University of Jyväskylä, Institute for Educational Research.
- Kennaraskólinn í Reykjavík. (1909–1942). *Skýrsla um Kennaraskólann í Reykjavík: 1908–1942*. Reykjavík: Höfundur.
- Kjosavik, S. (2001). *Fra tegning, slöyd og handarbeid til kunst og håndverk: En faghistorie gjennom 150 år*. Vollen: Tell forlag.
- Landshöfðingi. (1891). Fertugasti og annar fundur: Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893; 3. umræða. *Alþingistíðindi A-deild*, 579–581.
- Loftur Guttormsson. (2008). Tímamótin 1907. Í Loftur Guttormsson (ritstjóri), *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007: Fyrri bindi, Skólahald í bæ og sveit 1880–1945* (bls. 75–89). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lýður Björnsson. (1981). *Úr sögu kennaramenntunar á Íslandi*. Reykjavík: Iðunn
- Lög um uppfræðing barna í skript og reikningi nr. 2/1880.
- Magnús Jónsson. (1958). *Saga Íslendinga 9, Tímabilið 1871–1903, Landshöfðingjatímabilið:*

- Síðara bindi, Menning – Vesturheimsferðir*. Reykjavík: Menntamálaráð og Þjóðvinafélagið.
- Moreno Herrera, L. (1998). *Cuban slöjd: An evolutionary approach, theoretical perspective and empirical contribution*. Doktorsritgerð: Háskólinn í Turku.
- Mörður Árnason. (ritstjóri). 2010. Íslensk orðabók (5. útgáfa). Reykjavík: Forlagið.
- Ólafur Briem. (1891). Þrítugasti og fyrsti fundur: Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893; 2. umræða. *Alþingistíðindi B-deild*, 1058–1062.
- Ólafur Þ. Kristjánsson. (ritstjóri). (1958). *Kennaratal á Íslandi. 1. bindi*. Reykjavík: Oddi.
- Páll Briem. (1891). Þrítugasti og fyrsti fundur: Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1892 og 1893; 2. umræða. *Alþingistíðindi B-deild*, 1070–1074.
- Reglugerð fyrir barnaskóla í Reykjavík 27. október 1862.
- Reglugjörð fyrir kennarakennslu við alþýðu- og gagnfræðaskólann í Flensborg nr. 9/1892.
- Salomon, O. (1893). *Tankar om slöjd, uppfostran och lärarebildning*. Stockholm: Höfundur.
- Salomon, O. (1902). *Nääs modellserie för pedagogisk snickerislöjd*. Göteborg: Wald. Zachrisson.
- Sigrún P. Blöndal. (1929). Heimilisiðnaður: Erindi flutt á nokkrum stöðum í Múlasýslum 1928 í sambandi við sýningar á heimilisiðnaði og á ársfundi S. N. K. á Laugum 1929. *Hlín*, 13(1), 71–85.
- Smíðareglur við skólasmíði*. (1908). Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Thane, L. (1914). *Om slöjd: Aands og haandsudviklingen i skolen*. Kaupmannahöfn: Pios Forlag.
- Thorbjörnsson, H. (1992). *Slöjd och lek på Nääs: En bildkrönika om et kulturarv*. Helsingborg: OrdBildarna.
- Thorbjörnsson, H. (1994). Otto Salomon (1849–1907). *Prospects: The Quarterly Review of Comparative Education*, 24(3/4), 471–485.
- Vigdís Pálsdóttir. (1985). *Samantekt um menntun handavinnukennara á Íslandi*. Reykjavík: Höfundur
- Vilhjálmur S. Vilhjálmsson. (1960). *Halldóra Bjarnadóttir: Ævisaga*. Reykjavík: Setberg.
- Þorsteinn Sigurðsson. (1968). Kennaraskólinn 60 ára. *Menntamál*, 41(1), 47–63.
- Þuríður J. Kristjánsdóttir. (1992). Embættisgengi og réttindanám. *Uppeldi og menntun*, 1(1), 314–324.

Greinin barst tímaritinu 7. mars 2013 og var samþykkt til birtingar 6. október 2013

UM HÖFUNDANA

Gísli Þorsteinsson (cdt@hi.is) er dósent í hönnun og smíði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann lauk doktorsgráðu frá Háskólanum í Loughborough á Englandi 2011 og fjallar ritgerð hans um notkun veflægs námsumhverfis til að styðja við hugmyndamyndun barna í nýsköpunarmennt. Núverandi rannsóknarviðfangsefni Gísla tengjast sögulegum bakgrunni uppeldismiðaðrar handmenntakennslu á Íslandi og notkun nýrrar tækni í menntun.

Brynjar Ólafsson (brynjar@hi.is) er aðjunkt í hönnun og smíði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Að kennaraprófi loknu lauk hann eins árs viðbótarnámi í kennslufræði list- og verkgreina við Háskólann í Telemark í Noregi og MA-gráðu í uppeldis- og menntunarfræði frá Háskóla Íslands. Meginrannsóknarsvið hans og áhugi eru verklegar áherslur í menntun barna og unglinga, svo sem í handmenntum, útikennslu og samþættingu námsgreina.

Teacher training in pedagogical handicraft education in Iceland 1892–1939

ABSTRACT

The article reports the development of pedagogical handicraft (sloyd) in the training of teachers in Iceland, from 1892 to 1938. Teacher training in pedagogical handicraft started in 1892 in Flensborg public and high school in Hafnarfjörður, influenced by the sloyd movement in Scandinavia. Sloyd comprises school activities which use craftwork to produce useful and decorative objects. It is a pedagogical system of manual training which seeks to develop the child in general, through learning technical skills in woodworking or in sewing and knitting, and making useful objects by hand (Borg, 2006; Salomon, 1893). However, the meaning of sloyd in relation to education refers to the debate amongst philosophers of those times about the value of craft for general education (Borg, 2006). The purpose of sloyd was to use craftwork as a tool in general education to build the character of the child, as well as encouraging moral behaviour, greater intelligence, and industriousness (Jón Þórarinnsson, 1891). The ideology of sloyd spread to different countries in the 20th century and became a basis of early handicraft education in many countries.

Sloyd for boys and girls was introduced in the 1880s in the Nordic countries. Uno Cygnæus in Finland and Otto Salomon in Sweden were major leaders in the development of a systematic sloyd model for school education. They emphasized the usefulness of constructing objects through formal educational methodology. The model was disseminated by Salomon through thousands of teachers from all over the world who attended his classes. In many countries, sloyd had a noted impact on the early development of manual training, manual arts, industrial education and technical education. Sloyd was introduced in Iceland in 1890 and became a compulsory subject in elementary schools in 1936.

The beginning of a pedagogical handicraft education in Iceland was based on models which arrived in Iceland with teachers who had studied in Scandinavia at teacher training institutions for sloyd. They became pioneers in teaching pedagogical craft in Iceland, both in public schools and in teacher training, and their influence was significant in the development of pedagogical handicraft as a school subject in Iceland. In the beginning, the education of teachers in pedagogical handicraft was based on a Danish

model for sloyd developed by Aksel Mikkelsen in Copenhagen. Later the teaching was based on a Swedish model from Salomon in Nääs. Around 1920, however, cottage industry became more popular in the education of teachers. The originators of sloyd separated cottage industry from pedagogical sloyd. Their main argument was grounded on the general pedagogical value which sloyd or school industry represented; according to their reasoning, cottage industry was solely based on practical values, not pedagogical. Despite the influence of cottage industry on teacher education during this time, pedagogical handicraft education increasingly gained precedence in the Icelandic elementary school curriculum, and as it gained strength handicraft education in Iceland once again came to be based on the initial pedagogy.

Sloyd pedagogy was first introduced to Icelandic educators in 1890 by one of the first Icelandic professional educators, Jón Þórarinnsson, who in 1892 began teaching pedagogical handicraft in the public and high school in Flensburg, Hafnarfjörður. In 1908 Matthías Þórðarson launched a sloyd programme to educate teachers in the teacher training college in Reykjavík. Halldora Bjarnadóttir, amongst others, was also one of those early educators in teacher training. She was a pioneer in teaching cottage industry in Icelandic schools which was in opposition to the ideology of pedagogical handicraft education.

The educational background of the initiators of pedagogical handicraft in Iceland influenced the emphasis and content of their teaching. In the beginning, Icelandic teacher education in pedagogical handicraft was influenced by sloyd and was intended for both sexes. Later it developed into different subjects for different sexes; handicraft for boys and handicraft for girls. Handicraft for boys was based on the initial Scandinavian system for sloyd, whereas handicraft for girls was influenced by cottage craft and art. Later, these subjects merged again under the influence of cottage craft.

Keywords: Pedagogical handicraft education, sloyd, teacher education, handicraft, cottage craft

ABOUT THE AUTHORS

Gisli Thorsteinsson (cdt@hi.is) is associate professor in design and craft in the School of Education at the University of Iceland. Gisli holds a doctoral degree in philosophy from Loughborough University in England, his dissertation focused on ideation training in innovation education in Iceland. His present research focus is on the history of pedagogic craft education in Iceland and on using a virtual reality learning environment in education.

Brynjar Olafsson (brynjar@hi.is) is adjunct lecturer in design and craft in the School of Education at the University of Iceland. He has completed a teacher certificate from Iceland University of Education and a diploma in art and craft education from Telemark College in Norway. He holds a master's degree in education from the University of Iceland. His main research focus has been on craft education and its value for the elementary school curriculum.